

# STOKKHOLM





## : TÉKKLISTINN

- »» Hefur þú lent í vanskilum með reikningana þína á síðastliðnum 12 mánuðum?
- »» Ert þú í vanskilum með fasteignalán?
- »» Forðast þú að opna gluggaumslög eða heimabankann?
- »» Ert þú á vanskilaskrá?
- »» Hefur þú fengið tilkynningu um fjárnám eða nauðungarsölu?
- »» Skuldar þú meðlag?

Ef eitthvað af ofangreindu á við þig finnur þú hér ýmis ráð um það hvernig hægt er að bregðast við greiðsluvanda.

Vonandi hjálpa þau þér við að komast á rétta braut í fjármálum.



# UMBOÐSMAÐUR SKULDARA

Umboðsmaður skuldara er ríkisstofnun sem veitir einstaklingum og fjölskyldum í fjárhagsvanda ókeypis aðstoð við að öðlast yfirsýn yfir stöðu fjármála sinna og leita leiða til lausna.

Meginmarkmiðið er að bæta stöðu einstaklinga sem eiga í skulda- og greiðsluerfiðleikum og auðvelda þeim að koma greiðslubyrði og skuldastöðu í ásættanlegt horf.

Allir geta lent í þeim aðstæðum að ráða ekki lengur við fjárhagsskuldbindingar sínar. Ástæðan getur t.d. verið minni tekjur, veikindi eða skilnaður. Hver sem ástæðan er, er mikilvægt að bregðast við sem fyrst og ná jafnvægi á milli skulda og greiðslugetu.

Þú getur tekið fyrsta skrefið í dag og lesið þér til um greiðsluvandaúrræði á vef okkar, [www.ums.is](http://www.ums.is). Þar getur þú líka fyllt út umsókn vegna greiðsluvanda og mun ráðgjafi okkar hafa samband við þig í kjölfarið. Umboðsmaður skuldara hefur hagsmuni skuldara og réttindi þeirra að leiðarljósi.

# : SVONA GETA SKULDIRNAR HÆKKAÐ

## DÆMI 1:

Vanskil símareiknings í 10 mánuði

Upphaflegur reikningur: 8.530 kr.

Vextir: 726 kr.

Kostnaður kröfuhafa: 590 kr.

Innheimtukostnaður: 13.068 kr.

**Til greiðslu: 22.914 kr.**

## DÆMI 2:

Vanskil brunatryggingar í 12 mánuði

Upphaflegur reikningur: 21.878 kr.

Vextir: 2.803 kr.

Innheimtuþóknun: 15.770 kr.

Greiðsluáskorun: 7.700 kr.

Birting greiðsluáskorunar: 3.485 kr.

Uppboðsbeiðni: 7.700 kr.

Kostnaður vegna uppboðs: 17.100 kr.

Vextir af kostnaði: 1.338 kr.

Virðisaukaskattur: 7.949 kr.

**Til greiðslu: 85.723 kr.**

## : VANSKIL ERU DÝR

Ef kröfur eru ekki greiddar á eindaga er heimilt að leggja við þær kostnað vegna innheimtu. Við kostnað bætist virðisaukaskattur.


»» Fyrst er send innheimtuviaðvörðun um að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa ekki greidd innan 10 daga. Kostnaður: 950 kr.

»» Fari skuld í milliinnheimtu skal senda skuldara bréf þar sem hann er krafinn greiðslu. Kostnaður: 1.300 - 5.900 kr. eftir höfuðstól kröfu. Heimilt er að ítreka milliinnheimtubrésið tvisvar og leggst þá sami kostnaður við í hvert sinn. Sé hringt í skuldara er kostnaður við það 550 kr. Ef gert er samkomulag um greiðslu kröfu er hámarkskostnaður við samkomulagið 2.700 kr.

»» Greiðist krafa ekki í milliinnheimtu fer hún í innheimtu hjá lögfræðingi þar sem ekkert þak er á kostnaði.

»» Frá gjalddaga leggjast dráttarvextir á kröfu.

## DÆMI: VANSKIL ERU DÝR



# : AÐ NÁ JAFNVÆGI


Ef tekjur dragast tímabundið saman, t.d. vegna atvinnuleysis, þarf að skoða hvernig hægt er að draga úr útgjöldum á móti til að skapa jafnvægi á milli útgjalda og tekna.

Besta leiðin til að finna út hvað sé mögulega hægt að

skera niður í útgjöldum er að halda heimilisbókhald. Með heimilisbókhaldi fæst raunveruleg yfirsýn yfir það hvað það kostar að reka heimilið og hvar væri hægt að spara. Margir af viðskiptabönkunum bjóða endurgjaldslaust upp á afnot af forritum í gegnum netbanka sem eru hjálpleg við að halda heimilisbókhald á auðveldan hátt.

Þekktu útgjöldin - það veitir aukið fjárhagslegt öryggi og stuðlar að betri líðan.

## FRAMFÆRSLA TRYGGÐ





# : RÁÐGJÖF UMS

Umboðsmaður skuldara (UMS) veitir einstaklingum í greiðsluferfiðleikum ókeypis ráðgjöf. Í ráðgjöfinni felst að greiðsluferfiðleikar eru metnir með því að skoða allar tekjur, eignir, útgjöld og skuldir umsækjanda. Tekjur, að frádregnum nauðsynlegum útgjöldum, segja til um getu til að greiða skuldir.

Þegar greiðslugeta liggur fyrir er leitað lausna til að aðlaga greiðslubyrði að greiðslugetu. Miðað er við að innan árs sé sérstakra lausna ekki lengur þörf.

Lausnirnar geta t.d. falist í tímabundinni lækkun framfærslukostnaðar, skuldbreytingu vanskila, endurskipulagningu lána eða sölu eigna. Ráðgjafi UMS getur í sumum tilvikum haft milligöngu um samninga við kröfuhafa.

Tekjuhlíðin er einnig skoðuð, t.d. hvort skattkort, úrræði Tryggingastofnunar ríkisins (TR) eða félagsleg úrræði séu fullnýtt.

Við veitum ókeypis þjónustu fyrir einstaklinga í greiðsluferfiðleikum.

Sótt er um ráðgjöf á [www.ums.is](http://www.ums.is)

# : GREIÐSLUAÐLÖGUN EINSTAKLINGA

Greiðsluaðlögun snýst um að koma á jafnvægi milli skulda- og greiðslugetu með samningi á milli skuldara og kröfuhafa til 1 - 3 ára.

**Umsókn  
berst**

**4 - 8 vikur**

Ef umsókn um greiðsluaðlögun er samþykkt kemst skuldari í greiðsluskjól þar til samningur kemst á.

**Umsókn  
samþykkt/  
synjað**

**6 - 8 vikur**

Umsækjandi getur haldið fasteign og bifreið, ef eignin er hófleg og umsækjandinn hefur greiðslugetu til að greiða af henni.

**Innköllum og  
vinnslu lýkur**

**2 - 3 vikur**

Samningur um greiðsluaðlögun getur falið í sér frestun greiðslna, hlutfallslega eftirgjöf skulda eða algjöra eftirgjöf skulda.

**Tillaga að  
samningi  
tilbúin**

**3 vikur**

Greiðsluaðlögun tekur ekki til allra skulda, t.d. ekki meðlags, námslána og ákveðinna opinberra gjalda. Að jafnaði

**Afstaða kröfu-  
hafa liggur fyrir**

er þó samið um frystingu námslána.

Sótt er um greiðsluaðlögun á [www.ums.is](http://www.ums.is)

# : DÆMI UM SAMNING UM GREIÐSLUAÐLÖGUN



: Hjón með 3 börn



: Bílalán



: Yfirveðsett fasteign

- Greiðslugeta fyrir slys, eftir framfærslu, er 187.185 kr.

Jón lendir í slysi

Tekjur dragast saman um 100.000 kr.

Greiðslu-aðlögunartímabil er 1 ár.

Lok greiðsluaðlögunar

**Samningur:**

- Greiðsluaðlögunartímabil er 1 ár.
- Bifreið seld og bílalán gert upp.
- Sparnaður notaður til að kaupa nýja hóflega bifreið.
- Greitt upp í fasteignaveðkröfur.
- Ef eitthvað stendur eftir er greitt af samningskröfum.

80% allra samningskrafna gefnar eftir  
Samið um afborganir af því sem eftir stendur

Veðkröfur umfram matsverð fasteignar verða að samningskröfum

Sótt er um greiðsluaðlögun á [www.ums.is](http://www.ums.is)

## • GJALDÞROTASKIPTI

Eftir að dómari hefur úrskurðað einstakling gjaldþrota tekur skiptastjóri við forræði á búi hans. Skiptastjóri mun reyna að koma eignum í verð og ráðstafa þeim til þess að greiða skuldir. Meðal þess sem er selt eru fasteignir, bifreiðar og verðmætt innbú.

Allar kröfur sem ekki greiðast við gjaldþrotaskipti fyrnast á tveimur árum eftir að gjaldþrotaskiptum lýkur nema fyrning sé rofin með dómi. Fram að þeim tíma ber skuldari áfram ábyrgð á greiðslu skulda sinna og eignist hann eignir á þeim tíma er hægt að gera í þeim fjárnám.

Á þessum tveimur árum mega innheimtumenn ríkissjóðs láta draga allt að 75% af launum vegna skulda og Innheimtustofnun sveitarfélaga má láta draga allt að 50% af launum vegna meðlagsskulda.

Eftir gjaldþrotaskipti verður skuldari skráður á vanskilaskrá hjá Creditinfo og á innri viðskiptavinalistum fjármálafyrirtækja. Það er hægt að byggja upp lánstraust aftur, en það mun taka tíma.

Allir sem krefjast gjaldþrotaskipta þurfa að greiða 15.000 kr. þingfestingargjald og um 250.000 kr. tryggingu vegna skiptakostnaðar. Hægt er að sækja um fjárhagsaðstoð á [www.ums.is](http://www.ums.is) til að greiða tryggingu vegna skiptakostnaðar, geti skuldari ekki greitt hana sjálfur.

# : TÍMALÍNA FYRIR GJALÐÞROT

Ef sækja á um fjárhagsaðstoð til að greiða tryggingu fyrir skiptakostnaði þarf að gera það áður en krafa um gjaldþrotaskipti er lögð fyrir héraðsdóm.

1.

1. Krafa um gjaldþrotaskipti er lögð fyrir héraðsdóm. Með henni þurfa að fylgja sundurliðaðar upplýsingar um eignir og skuldir og gögn sem sýna fram á ógreiðslufærni.

**Nokkrar vikur**

2.

2. Héraðsdómari boðar til þinghalds um kröfuna þar sem hann mun kveða upp úrskurð um gjaldþrotaskipti. Ef skuldari krefst sjálfur gjaldþrotaskipta og mætir ekki til þinghalds telst krafan afturkölluð. Við úrskurð um gjaldþrot verður til þrotabú sem tekur við eignum og skuldum skuldara. Dómari skipar skiptastjóra sem mun skora á kröfuhafa að lýsa kröfum, ákveða hvað skuli selt, kanna mögulegt undanskot eigna og verja andvirði eigna til greiðslu skulda þrotabúsins.

**2 - 4 mánuðir**

3.

3. Skiptum lokið. Skuldari ber áfram ábyrgð á greiðslu þeirra skulda sem ekki fengust greiddar við skiptin. Fyrningarfrestur hefst.

**2 ár**

4. Fyrningu lokið.

Gjaldþrotaskipti eru lokaúrræði og því er mælt með því að leita fyrst annarra leiða.

4.

## : OPINBER GJÖLD


Á vefsíðunni [www.tollur.is](http://www.tollur.is), er hægt að fræðast nánar um greiðsluvandaúrræði vegna ógreiddra skatta. Undir „Mínum síðum“ á [www.skattur.is](http://www.skattur.is) er hægt að skoða greiðslustöðu skatta og annarra gjalda sem innheimtumenn ríkissjóðs innheimta.

Til að komast hjá innheimtuaðgerðum og auknum kostnaði vegna ógreiddra skatta er hægt að semja um greiðsluáætlun við Tollstjóra. Með greiðsluáætlun eru vanskil innheimt á lengri tíma og greiðslubyrði léttist. Á meðan greiðsluáætlun er í gildi er skuldari ekki skráður á vanskilaskrá hjá Creditinfo. Dráttarvextir halda áfram að reiknast þar til kröfur eru fullgreiddar og gert er ráð fyrir að auk vaxta sé greitt af höfuðstól skuldarinnar í hverjum mánuði.

Sé greiðsluáætlun ekki til staðar geta innheimtumenn ríkissjóðs krafist fjárnáms, nauðungarsölu og gjaldprotaskipta. Þeir geta einnig krafist þess af launagreiðanda að draga allt að 75% af útborguðum launum vegna ógreiddra opinberra gjalda.

Vaxtabótum og ofgreiðslum má skuldajafna til að greiða gjaldfallna kröfu. Barnabótum má aðeins skuldajafna á móti ofgreiddum barnabótum.

[www.tollur.is](http://www.tollur.is)



# :UMSÓKN UM LÆKKUN ÚTSVARIS

Sum sveitarfélög bjóða íbúum að sækja um lækkun útsvars vegna sérstaka aðstæðna. Hjá Reykjavíkurborg er mögulegt að sækja um lækkun útsvars vegna:

»» Verulegrar skerðingar á greiðslugetu umsækjanda vegna ellihrörleika, veikinda, slyss eða mannláts.

»» Verulegra útgjalda, umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur, vegna barns sem haldið er langvinnum sjúkdómi eða fötlun.

»» Foreldra eða annarra vandamanna sem umsækjandi hefur sannanlega á framfæri sínu.

»» Verulegra útgjalda vegna menntunar eigin barna 16 ára og eldri.

»» Verulegs eignatjóns sem umsækjandi hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.

»» Verulegrar skerðingar á greiðslugetu vegna taps á útistandandi kröfum sem ekki stafa frá atvinnurekstri umsækjanda.

Með umsókn um lækkun álagðs útsvars þurfa að fylgja viðeigandi gögn. Ítarlegri skilyrði og leiðbeiningar um umsókn eru að finna á vef Reykjavíkurborgar:



## MEÐLAGSSKULDIR

Hægt er að sækja um lækkun meðlagsskuldar eða greiðsludreifingu hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga á vefsíðunni [www.medlag.is](http://www.medlag.is)

Hægt er að óska eftir að greiða lægri upphæð en fellur til mánaðarlega vegna félagslegra erfiðleika. Slíkir samningar eru endurskoðaðir á a.m.k. sex mánaða fresti.

Hægt er að óska eftir niðurfellingu dráttarvaxta vegna sérstakra félagslegra erfiðleika, en að jafnaði skal aðeins fella niður dráttarvexti einu sinni hjá hverjum skuldara.

Ef um áframhaldandi félagslega og fjárhagslega erfiðleika er að ræða getur stjórn Innheimtustofnunar afskrifað höfuðstól skuldar að hluta eða öllu leyti, hafi skuldari staðið við samning í að minnsta kosti þrjú ár. Sé meðlagsgreiðandi atvinnulaus er hægt að sækja um greiðslufrest til allt að sex mánaða í senn.

Námsmenn geta óskað eftir greiðslufresti á meðan á námi stendur gegn því að LÍN greiði meðlögin á því tímabili.

Meðlagsgreiðandi sem er 75% öryrki og á rétt á barnalífeyri frá TR getur sótt um að greiða lægri fjárhæð mánaðarlega.

[www.medlag.is](http://www.medlag.is)





# : LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Peir sem eru í skilum hjá Lánasjóði Íslenskra námsmanna geta óskað eftir að dreifa afborgunum með greiðsludreifingu ef afborgun er hærri en 30.000 kr. á „Mínu svæði“ á [www.lin.is](http://www.lin.is) og verða greiðslur þá mánaðarlegar í stað þess að vera tvær greiðslur á ári.

Hægt er að óska eftir undanþágu frá afborgunum LÍN ef lánshæft nám, atvinnuleysi, örorka, veikindi, þungun, fæðingarorlof, umönnun maka eða aðrar sambærilegar aðstæður valda verulegum fjárhags-erfiðleikum. Miðað er við að árstekjur einstaklings séu ekki yfir 3,3 milljónum og árstekjur hjóna eða sambúðarfólks séu ekki yfir 6,6 milljónum. Sækja þarf um undanþágu fyrir hvern gjalddaga.

Í samningum um greiðsluaðlögun, með milligöngu umboðsmanns skuldara, er samið um frystingu lána hjá LÍN.

[www.lin.is](http://www.lin.is)



# ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR

Á heimasíðu Íbúðalánasjóðs, **www.ils.is**, má finna upplýsingar um mögulegar lausnir vegna greiðsluvanda og eru úrræði í boði misjöfn eftir því hversu mikill vandinn er.

Hægt er gera samning um greiðsludreifingu vanskila í allt að 18 mánuði ef nauðungarsölubeiðni hefur ekki verið send sýslumanni. Slíkur samningur er ekki gerður aftur, hafi ekki verið staðið við samning um greiðsludreifingu á síðustu 36 mánuðum.

Ef greiðsluvandinn er meiri en svo að hægt sé að leysa hann með greiðsludreifingu þarf skuldari að hafa samband við viðskiptabanka sinn eða umboðsmann skuldara og óska eftir skuldbreytingu vanskila, þannig að vanskilum verði skuldbreytt í nýtt lán til 5 - 30 ára.

Uppfylli skuldari skilyrði er Íbúðalánasjóði heimilt að veita frest á afborgunum lána í allt að þrjú ár. Vakin er athygli á því afborganir lána hækka eftir frystingu og einnig að eitt af skilyrðum frystingar er að skuldari hafi greiðslugetu fyrir greiðslum eftir frystingu.

Hægt er að lengja upphaflegan lánstíma um allt að 30 ár, að uppfylltum skilyrðum, til að lækka mánaðarlega greiðslubyrði.

[www.ils.is](http://www.ils.is)



# : FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Skuldir við fjármálafyrirtæki, t.d. banka og sparisjóði, geta verið ansi misjafnar. Allt frá skammtímaskuldum, eins og yfirdrætti og kreditkortaskuldum, upp í miklar skuldbindingar eins og fasteignalán. Leiðir til að aðstoða fólk í greiðsluvanda eru því einnig misjafnar og fara bæði eftir skuldum og mati á greiðsluferfiðleikum.

Séu greiðsluferfiðleikar ekki metnir miklir er möguleiki á að semja um greiðsludreifingu vanskila.

Ef greiðsluferfiðleikarnir eru tímabundnir er möguleiki á að semja um frystingu vaxta eða frystingu vaxta og höfuðstóls í allt að 12 mánuði. Vakin er athygli á því að afborganir geta hækkað eftir að frystingu lýkur.

Ef greiðsluferfiðleikar eru verulegir er mikilvægt að ræða sem fyrst við þjónustufulltrúa í eigin viðskipta-banka um leiðir til að takast á við greiðsluferfiðleikana með það að markmiði að ná raunhæfum samningi.

Í einstaka tilfellum geta einstaklingar samið beint við fjármálastofnanir um afskrift skulda, gegn því að greiða hluta skuldarinnar, yfirleitt með einni greiðslu.

## : INNHEIMTUFYRIRTÆKI

Margir kröfuhafar fela innheimtufyrirtækjum að innheimta gjaldfallnar kröfur. Fyrirtækin sjá um fruminnheimtu, milliinnheimtu og lögfræðiinnheimtu.

Fruminnheimta felur í sér útsendingu innheimtuviðvörðunar sem skylt er að senda skuldara samkvæmt innheimtulögum. Skuldari skal fá 10 daga frest til að bregðast við viðvörðuninni. Á þeim tíma getur hann greitt kröfuna án frekari innheimtukostnaðar eða reynt samninga við kröfuhafa en slíkir samningar fara oftast fram með milligöngu innheimtufyrirtækjanna.

Milliinnheimta felur í sér útsendingu bréfa og einnig geta innheimtufyrirtækin hringt í skuldara. Kostnaður leggst á kröfuna við hvert bréf eða símtal, en hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar er ákveðin með reglugerð.

Ef milliinnheimta reynist árangurslaus er krafa sett í lögfræðilega innheimtu. Innheimtukostnaður leggst á kröfuna í upphafi en að auki leggst á kröfuna útlagður kostnaður vegna innheimtuaðgerða, s.s. gjöld til dómstóla og sýslumanna. Innheimtulög takmarka ekki kostnað vegna lögfræðiinnheimtu.



## **• VANSKILASKRÁ CREDITINFO**

Kröfuhafar geta óskað eftir því að vangreiddar kröfur séu skráðar á vanskilaskrá Creditinfo. Skráning á vanskilaskrá getur komið í veg fyrir lánaþingreiðslu eða reikningsviðskipti og hefur áhrif á lánshæfismat.

Til að krafa sé skráð á vanskilaskrá þurfa vanskil að hafa staðið yfir í að minnsta kosti 40 daga og fjárhæðin þarf að nema minnst 50.000 kr. hjá einstaklingum. Þó má skrá árangurslaus fjárnám og gjaldþrotáúrskurði án tillits til fjárhæða.

Áður en einstaklingur er skráður á vanskilaskrá fær hann senda út tilkynningu um fyrirhugaða skráningu. Hann hefur þá 17 daga til að greiða kröfuna eða gera athugasemdir við kröfuna. Sé krafan greidd innan 17 daga verður ekki af skráningu.

Færslur eru afskráðar af vanskilaskrá þegar Creditinfo fær staðfestingu um uppgjör kröfunnar. Ef uppgjör fer ekki fram afskráist færsla eftir fjögur ár eða tveimur árum eftir skiptalok ef um gjaldþrotáúrskurð er að ræða.

**Upplýsingar um skráningar á vanskilaskrá  
má finna á [www.creditinfo.is](http://www.creditinfo.is)**



## : GÓÐ RÁÐ

- ▶▶ Settu þér markmið um sparnað og mundu að margt smátt gerir eitt stórt.
- ▶▶ Þekking er vald, líka þekking á eigin fjármálum.
- ▶▶ Fáðu góða yfirsýn og skipulegðu fjármálin þín.
- ▶▶ Kannaðu tekjur og útgjöld fjölskyldunnar og skoðaðu heimilisbókhaldið.
- ▶▶ Hafðu yfirsýn yfir kortanotkunina og ekki láta reikninga koma þér á óvart.
- ▶▶ Áður en þú gengst í ábyrgð fyrir skuld annarra, gerðu ráð fyrir að þú gætir þurft að greiða skuldina.
- ▶▶ Ef þú nærð ekki að standa í skilum, hafðu strax samband við kröfuhafa.
- ▶▶ Á heimasíðum fjölmargra kröfuhafa er að finna upplýsingar um hvernig hægt er að semja um vanskil.
- ▶▶ Mundu að það er dýrt að vera í vanskilum.





Umboðsmaður  
skuldara

KRINGLAN 1 103 REYKJAVÍK  
SÍMI 512 6600 / 800 6600 UMS@UMS.IS WWW.UMS.IS